

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla 8.mars 2017 klukkan 16:15-17:15

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Gróa Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri, Katrín Jóna Ólafsdóttir og Elísabet Kjartansdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsmanna. Kristín Þóra Möller og Hrefna fulltrúar foreldra. Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Hlynur fulltrúi nemenda. Guðbjörg Telma Þorvaldsdóttir fulltrúi nemenda var fjarverandi.

Dagskrá:

- 1.mál Kynning á ytra mati á Akurskóla.
- 2.mál Skóladagatal 2017-2018.
- 3.mál. Næsta skólaár – breytingar og áherslur.
- 4.mál Önnur mál.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Kynning á ytra mati á Akurskóla.

- Sigurbjörg fór yfir helstu niðurstöður ytra mats og framkvæmd þess.

- Matið er skipt niður í þrjá þætti:

1. Stjórnun
2. Nám og kennsla
3. Innra mat.

- Niðurstöður eru settar fram í; sterkir þættir og tækifæri til umbóta.

- Heilt yfir kom matið mjög vel út en auðvitað er alltaf hægt að bæta sig á ákveðnum stöðum.

2.mál Skóladagatal 2017-2018.

- Sigurbjörg fór yfir skóladagatalið og lagði það fram til samþykktar.

- Allir aðilar samþykktu breytinguna.

3.mál Næsta skólaár – breytingar og áherslur.

- Ljóst er að Akurskóla getur ekki tekið á móti öllum börnum í hverfunum tveimur, tjarnar- og dalshverfi. Starfsstöð verður sett upp við dalsbraut á meðan verið er að byggja fyrsta áfanga nýs skóla í dalshverfi. Einnig þarf að stúka af í tveimur rýmum í Akurskóla og verðum að mestu tveggja hliðstæða skóli. Starfsstöðin mun heyra undir stjórnendur Akurskóla. Þar verður 1. – 3.bekkur, kennarar, starfsmenn skóla og deildastjóri.
- Sigurbjörg fór yfir áherslubreytingar fyrir næsta skólaár og þá út frá úrbótum í úttektinni frá ytra matinu með misjöfnum áherslum eftir stigum.
- Við sóttum um styrki til Sprotasjóðs fyrir tveimur verkefnum, Læsi til náms og Innleiðingu uppbyggingarstefnu.

4.mál Önnur mál

- Rætt var um heimanám, það hefur farið minnkandi hér í Akurskóla. Kostir og gallar að sögn foreldra.
- Samræmd könnunarpróf eru núna hjá 9. og 10. bekk. Nú taka nemendur prófið í spjaldtölvum.
- Rætt var um kosti og galla ípadvæðingar hjá nemendum.
- Hlynur ræddi um fund sem var í ungmennaráði í haust og þar vildu nemendur sjá meira um kynningar á t.d. fíkniefnum, áfengi, o.s.frv.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:30.

Fundargerð þessa ritaði

Gróa Axelsdóttir

Aðstoðarskólalastjóri Akurskóla